

## 2. fundur samstarfsráðs um starfsþróun kennara og skólastjórnenda.

Mánudaginn 7. nóvember 2016 í mennta- og menningarmálaráðuneyti kl. 13-16.

Mættir: Sigurjón Mýrdal, Björk Óttarsdóttir, Guðni Olgeirsson, Kristín Runólfssdóttir, Jón Torfi Jónasson, Aðalheiður Steingrimsdóttir, Lára Guðrún Agnarsdóttir, Svanhildur María Ólafsdóttir, Ingibjörg Margrét Gunnlaugsdóttir, Haraldur Árni Haraldsson, Hulda Karen Daníelsdóttir, Þórður Kristjánsson, Kristín Valsdóttir. Þorlákur Axel Jónsson, og Dagrún Hjartardóttir.

Forföll boðuðu: Ingibjörg Kristleifsdóttir, Anna María Gunnarsdóttir, Magnús Þorkelsson og Þorsteinn Hjartarson

1. Samþykkt fundargerð síðasta fundar.

2. Formaður sagði frá vinnu stýrihóps ráðsins milli funda. Stýrihópurinn hittist þrisvar til að undirbúa dagskrá fundarins og drög að vinnulagi við gerð starfsáætlunar.

Stýrihópurinn lagði til að samstarfsráðið hittist 4-5 sinnum á ári og efni árlega til opinnar ráðstefnu eða málþings. Starfshópar verða myndaðir um ákv. verkefni. Stýrihópur og starfshópar hittist eftir þörfum.

Mikilvægt er að hafa starfsáætlun og drög að kostnaðaráætlun til að hægt sé að taka ákvörðun um fjárframlag og ráðningu starfsmanns.

Fram kom mikilvægi þess að stefnumótun fari fram í samstarfsráðinu en ekki í stýrihópnum.

3. Á fundinum var unnið í hópum með fjögur viðfangsefni sem grunn að starfsáætlun og forgangsröðun verkefna:

- Kynningu á niðurstöðum fagráðsins og fræðslu fyrir samstarfsráðið
- Greiningu á þörf kennara og skólastjórnenda fyrir starfsþróun
- Stoðkerfi starfsþróunar og forgangsröðun verkefna
- Tengsl starfsþróunar við brottfall úr kennarastétt og nýliðun stéttarinnar

Hóparnir kynntu vinnu sína og eru niðurstöður þeirra í fylgiskjölum

Stýrihópurinn tekur við tillögum vinnuhópanna og setur af stað starfshópa í kringum þau verkefni sem þarf að vinna áfram.

Minnt var á að mikilvægt væri að virkja aftur vefsíðu fagráðs um starfsþróun.

Stefnt er að næsta fundi samstarfsráðs seinni hluta janúar 2017.

Önnur mál

- Ítrekað var að þrýst yrði á ráðuneytið að ganga frá ráðningu starfsmanns eins fljótt og auðið er.
- KÍ vill kynna þann efnivið sem til er um faglega forystu kennara sem nýtt hefur verið innan KÍ.

Fundi slitið kl. 16.02

BO ritaði fundargerð